

**Nd.**

**81. Tillaga**

til þingsályktunar um sölu viðtækja.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það við stjórn Viðtækjaverzlunar ríkisins, að sölufyrirkomulaginu verði breytt í það horf, að viðtækin fái framvegis keypt gegn greiðslu á sem mestum hluta andvirðisins með ákveðnum mánaðaraborgunum.

**Greinargerð.**

Viðtæki eru svo dýr, að öllum þorra fólks er ofvaxið að greiða andvirði þeirra allt, auk uppsetningarkostnaðar, við móttöku. Áskoranir og tilmæli

til ríkisstjórnarinnar og stjórnar Viðtækjaverzlunarinnar hafa drifið að viðsvegar af landinu um að breyta sölufyrirkomulaginu þannig, að viðtækin fengjast gegn ákveðnum mánaðarafborgunum á að minnsta kosti nokkrum hluta andvirðisins. Með núverandi fyrirkomulagi á sölunni er fjöldi fólks, sem að öðrum kosti gæti eignast viðtæki, gert það ókleift með öllu, og það þar með útilokað frá því að geta notið þess fróðleiks og skemmtunar, sem útvarpinu er ætlað að breiða út um byggðir landsins.

Telja má vist, að útvarpinu væri og beinn fjárhagslegur gróði að því, að sölufyrirkomulagi Viðtækjaverzlunarinnar yrði breytt í þetta horf. Viðtækjaeigendum myndi áreiðanlega fjölga stórmikið og tekjur útvarpsins þar með aukast mjög mikið.